

HRINGVEGUR milli Valtýskambs og Sandbrekku

Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Desember 2007

Efnisyfirlit

1.	YFIRLIT	2
1.1.	ALMENNT	2
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3.	MATSSKYLDA	2
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR.....	2
1.5.	LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR.....	3
1.6.	RANNSÓKNIR.....	3
1.7.	NÁTTÚRUMINJASKRÁ	3
2.	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	5
2.1.	STAÐHÆTTIR.....	5
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	5
2.3.	UMFERÐ.....	6
3.	KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	7
3.1.	KOSTIR.....	7
3.2.	FRAMKVÆMDALÝSING	7
3.2.1.	Nýr vegur og vegtengingar.....	7
3.2.2.	Efnispörf.....	8
3.3.	FRÁGANGUR.....	9
3.4.	VINNUBÚÐIR.....	9
3.5.	MANNAFLAÐPÖRF.....	9
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI.....	9
3.7.	REKSTUR	9
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	10
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	10
4.1.1.	Vegagerð.....	10
4.1.2.	Efnistaka.....	10
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	10
5.	LÝSING Á STAÐHÁTTUM	12
5.1.	LANDSLAG.....	12
5.2.	SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN.....	12
5.3.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN.....	12
5.4.	JARÐMYNDANIR OG VATN	13
5.5.	GRÓÐURFAR OG FUGLAR	13
5.6.	LEIRUR.....	13
5.7.	MENNINGARMINJAR.....	14
6.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA.....	17
7.	NIÐURSTAÐA.....	18
8.	HEIMILDIR	19
9.	TEIKNINGAR	19

1. YFIRLIT

1.1. ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að byggja nýjan veg með bundnu slitlagi milli Valtýskambs og Sandbrekku í Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu. Framkvæmdasvæðið er á Hringvegi, vagnúmer 1, tæpa 4 km frá Djúpavogsvegi (98). Vegurinn liggur um land Háls, sem er jörð í eigu Djúpavogshrepps, auk lönd jarðanna Hamars og Strýtu.

Veglínan mun færast talsvert til. Á um 3,4 km löngum kafla liggur hún utan núverandi vegar. Um 1,7 km kafli er endurbygging og styrking á núverandi vegi. Framkvæmdin er samtals um 5,1 km löng.

Ekki er gert ráð fyrir að hér sé um framtíðarlegu vegarins að ræða, nema að hluta til. Með þessari framkvæmd er fyrst og fremst verið að auka öryggi vegfarenda á mjög varasömum kafla þar til búið er að ákveða endanlega legu vegar um Hamarsfjörð til framtíðar.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2008 og þeim ljúki næsta sumar.

Efnistaka er að mestu fyrirhuguð úr vegskerlingum á vegsvæði og úr áreyrum við Hamarsá í landi Hamars, um 1,5 km sunnan við fyrirhugað framkvæmdarsvæði.

1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Hringvegi í Hamarsfirði og tryggja greiðari samgöngur.

1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Við athugun Vegagerðarinnar hefur komið í ljós að kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum:

- Skv. viðauka 2.10.b, því framkvæmdin liggur á kafla um svæði sem er á Náttúruminjasrá; *Hálsa og Hálsarætur við Djúpavog*.
- Þá liggur ný veglína á stuttum köflum út í sjó og um leiru, sem er vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. viðauki 3, liður 2.iii (a) og ber að forðast að raska eins og kostur er.
- Skv. viðauka 3.2.iii.c, því framkvæmdin er innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland og Austfirðir. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er í sveitarfélaginu Djúpavogshreppi.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu og efnistöku. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

Vegsvæði Hringvegur, milli Valtýskambs og Sandbrekku, sem er stofnvegur telst vera 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Þar sem vegurinn liggur við fjöruborð og leirur verður öllu raski haldið í lágmarki og ítrekað í útboðsgögnum að verktaka sé bannað að raska landi utan fyllinga og skeringa. Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

1.5. LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Haft hefur verið samband við landeigendur á Hamri, Hálsi og Strýtu og þeim kynntar áætlanir um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu.

Kynningargögn verða send til Skipulagsstofnunar vegna könnunar á matsskyldu framkvæmdarinnar.

Samráð verður haft við framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar um efnistöku og frágang á svæðinu. Samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Sótt verður um framkvæmdaleyfi til Sveitarstjórnar Djúpavogshrepps. Þá verður sótt um framkvæmdaleyfi til Veiðimálastjóra vegna efnistöku úr Hamarsá.

Haft verður samráð við Fornleifavernd ríkisins um aðgerðir varðand fornleifar á svæðinu.

Í Djúpavogshreppi er til aðalskipulag fyrir þéttbýlið á Djúpavogi, aðalskipulag Djúpavogs 1989-2009 sem staðfest var 14.06.1990. Þar sem ekki er til aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið mun Vegagerðin mælast til að sveitastjórnin veiti leyfi fyrir vegaframkvæmdinni skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.6. RANNSÓKNIR

Vegagerðin mun láta gera efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu áður en framkvæmdir hefjast. Starfsmenn Vegagerðarinnar munu ganga veglínuna og þversniðsmæla hana.

Svæðisskráning menningarminja í Djúpavogshreppi liggur fyrir. Vegagerðin fékk Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga til að skrá menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Hringvegur milli Valtýskambs og Sandbrekku. Heimildir voru skoðaðar og framkvæmdasvæðið kannað á vettvangi. Rannsóknir fóru fram í október 2007.

Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum.

1.7. NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Framkvæmdasvæðið liggur á um 240 m kafla innan svæðis á Náttúruminjaskrá. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt:

“Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog, Djúpavogshreppi (áður Búlandshr.), S-Múlasýslu. (1) Hálsar og svæði ofan Þjóðvegur frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan að norðurbakka Búlandsár. Með norðurbakkanum upp fyrir gljúfrið og þaðan beina línu um Ból að Þjóðvegi á móts við Hálstanga. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.”

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er tillaga að friðun Álftafjarðar og Hamarsfjarðar. Verndartillagan er búsvæði. Svæðið er mun stærra en núverandi svæði á Náttúruminjaskrá og innifelur Álftafjörð og Hamarsfjörð með starmýrarfjöllum, auk grunnsævis, eyjum og nesum við Djúpavog. (www.ust.is)

2. STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1. STADHÆTTIR

Vegarkafllinn liggur milli Valtýskambs og Sandbrekku í norðanverðum Hamarsfirði, um grónar skriður og klettatanga. Tæpir 4 km eru frá vegamótum Djúpavogsveggar(98) og Hringveggar að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Hamarsfjörður er stuttur en breiður fjörður sem gengur inn í landið milli Berufjarðar og Álftafjarðar. Hann lokast að mestu af eyjum og sandrifjum. Í norðanverðum firðinum er Rauðaskriða, líparítsskriða sem er mjög áberandi vegna hins rauða litar.



Mynd 1. Rauðaskriða í Hamarsfirði (SJ 2007)

Hamarsá fellur til sjávar í miðjum firðinum. Innstu upptök hennar eru á heiðarflákum sem nefnast Hraun og liggja norðaustur frá Vatnajökli. Kvíslar falla undan Þrándarjökli í Hamarsá svo hún verður jökullituð í sólbráð og leysingum. Vitað er um veiði í ánni en ekkert veiðifélag er um hana. Norðan Hamarsár er Golfklúbbur Djúpavogs með aðstöðu.

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Núverandi vegur í Hamarsfirði er stofnvegur í vegtegund C1. Vegsvæði stofnveggar er 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu veggar til hvorrar hliðar. Vegarkafllinn sem hér er kynntur uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til veggar af þeirri vegtegund. Hann er fremur mjór malarvegur með slæma hæðar- og planlegu. Sjónlengdir eru víða verulega skertar. Margar hættulegar beygjur eru á kaflanum og víða blindhæðir í beygjum. Hönnunarhraði núverandi veggar er 70 km/klst en sökum verulegra skerta sjónlengda eru á nokkrum stöðum leiðbeinandi skilti um hámarkshraða.



Mynd 2. Núverandi vegur milli Valtýskambs og Sandbrekku í Hamarsfirði (SJ 2007)

Umræddur kafli er oft farartálmi á vetrum, sérstaklega fyrir stærri bíla. Vegurinn liggur hæst í um 47 m.y.s. í grennd við Ytri Sandbrekkur. Mesti bratti á veginum er um 13%. Beygjuradíus er um 80–100 m á nokkrum stöðum á vegkaflanum, og hábogar eru nokkrir með radíus minni en 500 m.

Nokkur ræsi eru á vegarkaflanum en engar brýr. Þá eru engar vegtengingar á kaflanum.

2.3. UMFERÐ

Ársdagsumferð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði var 286 bílar/sólarhring árið 2006. Sumardagsumferð var 497 bílar/sólarhring og vetrardagsumferð 147 bílar/sólarhring. Framreiknuð ársdagsumferð árið 2036, 30 árum seinna, er 460 bílar/sólarhring. Sumardagsumferð er áætluð 800 bílar/sólarhring og vetrardagsumferð 235 bílar/sólarhring. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið áætlað.

3. KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. KOSTIR

Eins og kom fram í kafla 1.1 hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um framtíðarlegu vegarins um Hamarsfjörð. Tveir möguleikar á staðsetningu vegarins til framtíðar hafa verið til skoðunar. Annars vegar veglína sem liggur um botn fjarðarins. Hins vegar veglína sem þverar fjörðinn og liggur í mjúkri beygju frá Ytri-Sandbrekku í norðanverðum Hamarsfirði, yfir leirur Hamarsfjarðar og að landi við Þakeyrtanga í sunnanverðum firðinum, sjá teikningu Z001. Ekki verður fjallað nánar um þessa kosti hér.

Varðandi staðsetningu vegarins á þeim kafla sem hér er kynntur hafa nokkrar útfærslur á veglínu verið skoðaðar. Sú veglína sem Vegagerðin leggur til að farin verði og kynnt er hér er veglína B, sjá teikningu Z901. Ræðst það m.a. af plan- og hæðarlegu hennar, auk þess sem hún tengist núverandi vegi með minni kostnaði og raski en hinar línurnar. Þá liggur hún vel við hugsanlegri framtíðartengingu yfir Hamarsfjörð.

3.2. FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1. Nýr vegur og vegtengingar

Varðandi staðsetningu vegarins, á þeim 5,1 km kafla, sem lagfærður verður árið 2008 mun veglínan víða víkja út frá núverandi vegi til að lagfæra krappar beygjur, bæta sjónvegalandir, minnka halla á veginum og laga hæðarlegu hans. Nákvæmari útlitun á halla og legu nýs vegar er að finna á teikningum Z002-Z005.

Nýr vegur liggur frá stöð 0, um 600 m frá slitlagsenda austan Valtýskambs, og að stöð 5100 við Henglavík í Hamarsfirði. Fyrstu 2,8 km þessarar framkvæmdar, þ.e. frá stöð 0 að stöð 2800, munu að mestu haldast óbreyttir þegar hannaður verður vegur um Hamarsfjörð til framtíðar.



Mynd 3. Útboðsendi austan Valtýskambs (VJ 2007)

Vegurinn verður gerður samkvæmt vegtegund C1 sem er 7,5 m breiður vegur með 7,3 m breiði slitlagi. Hönnunarhraði er 90 km/klst.

Plan- og hæðarlega vegarins verður betri en á núverandi vegi og öryggi vegfarenda meira.

Miðlína nýs vegar liggur í mestri fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar við stöð 1100 eða í um 170 m fjarlægð.

Töluverð umferð er á þessum kafla Hringvegar svo búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur.

Minnsti planbogi er 360 m og mesti halli um 5 %. Halli á vegköntum í fyllingum (vegflái) verður yfirleitt 1:2,5–1:3, nema á hæstu fyllingum þar sem vegflái er 1:1,5. Hæsta fylling verður um 8,5 m há við miðlínu vegar í stöð 1960. Mesta skering (30.000 m³) verður milli stöðva 200-460 og nær um 40 m frá miðlínu vegar.

Á þremur stuttum köflum, eða milli stöðva 1400-1620, 2820-2880 og 3760-3840, ná fyllingar út í sjó. Samtals 360 m. Milli stöðva 3200-3440 nær veglínan út í fjörujaðarinn og milli stöðva 4540-4970 liggur veglínan og tilheyrandi fyllingar í jaðri leiru.

Fyllingar sem ná út í sjó verða rofvarðar. Til að bæta umferðaröryggi verða vegrið sett sjávarmegin á vegkant, þar sem flái nær út í sjó og þar sem fyllingar eru hæstar og brattastar. Vegrið hafa ekki verið staðsett nákvæmlega en við nánari útfærslur verður fylgt leiðbeiningum um vegrið í vegstaðli.

Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ekkert stórt vatnsfall er í vegarstæðinu en nokkur ræsi. Þau verða öll endurnýjuð.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum reiðvegi.

3.2.2. Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er um 212.400 m³. Efni í efra-, neðra burðarlag og slitlag, samtals um 47.400 þús. m³ er áætlað að taka úr áreyrum Hamarsár. Fyllingarefni og efni í fláafleyga, samtals um 165.000 þús. m³, er áætlað að taka úr skeringum á vegsvæði og úr þeim hluta núverandi vegar sem leggst af.

Tafla 1. Efnispörf

	<i>magn í m³</i>
Slitlag	1.100
Efra burðarlagsefni	8.300
Neðra burðarlagsefni	38.000
Fyllingar og fláafleygar	165.000
Samtals	212.400

Tafla 2. Efnistaka

	<i>Slitlag magn í m³</i>	<i>Efra Burðarlag magn í m³</i>	<i>Neðra burðarlag magn í m³</i>	<i>Fyllingarefni magn í m³</i>	<i>Samtals í m³</i>
Náma A – Hamarsá	1.100	8.300	38.000		47.400
Skeringar				165.000	165.000
Samtals	1.100	8.300	38.000	165.000	212.400

Náma A - Hamarsá

Náma A er á áreyrum Hamarsár, ofan brúar við Hringveg, í landi Hamars. Áin rennur þar í tveimur kvíslum með eyri á milli. Farvegurinn er u.þ.b. 150 m breiður. Vegalengd að tengingu námunnar, frá vestari útboðsmörkum, er um 1,2 km. Námuslóði er um 0,2 km. Náman er í ógrónar eyrar Hamarsár og er opin.

Náman er metin með meðalverndargildi, þ.e. í verndargildisflokki 3, samkvæmt skilgreiningum Vegagerðarinnar.

3.3. FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Núverandi vegur verður jafnaður út og aðlagður landslagi í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Engar girðingar eru meðfram veginum.

Vegtengingar verða aðlagðar að nýrri hæð vegarins.

Náma í landi Hamars verður áfram opin.

3.4. VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5. MANNAFLAÞÖRF

Á verktíma skapast nokkur störf á svæðinu vegna framkvæmdarinnar. Reikna má með allt að 10-15 störfum á framkvæmdatímanum.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI

Fjárveiting í fyrirhugaða framkvæmd er á vegáætlun 2008-2009, samtals 180 m.kr. Áætlað er að vorið 2008 verði verkið boðið út og framkvæmdir hefjist sama vor. Verklök eru áætluð sumarið 2009.

3.7. REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Í dag er vetrarþjónusta á Hringvegi í Hamarsfirði, alla daga vikunnar. Vetrarþjónusta skiptist á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna tveggja sem vegurinn liggur um. Engar áætlanir hafa verið um breytingar á rekstri vegarins eftir að vegaframkvæmdum lýkur og miðað er við að þjónustan verði svipuð og nú er.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1. Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Um er að ræða endur- og nýbyggingu núverandi vegar. Helstu áhrif við byggingu vegar og vegtenginga á Hringvegi í Hamarsfirði felast í auknu umferðaröryggi vegna minni halla og betri legu vegar, bættum samgöngum, breytingum á landslagi og lítilsháttar röskun leira.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin reyndi að meta hvort líklegt væri að fyrirhuguð framkvæmd á Hringvegi myndu hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Vegagerðin álitur að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg, efnistaka er úr opinni námu utan vegsvæðis og framkvæmdin er að hluta til á svæði sem hefur áður verið raskað.

Í eftirfarandi töflu eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

Tafla 3. Áhrif framkvæmdaþátta á umhverfi

		FRAMKVÆMDAÞÆTTIR		REKSTRARÞÆTTIR
		VEGAGERÐ	EFNISTAKA	REKSTUR
UMHVERFISÞÆTTIR	<ul style="list-style-type: none"> – Vegsvæði • Gróðurfar • Smádýralíf • Fuglar • Fornminjar • Jarðmyndanir 	<ul style="list-style-type: none"> – Efnistökusvæði • Smádýralíf • Fuglar 		
	<ul style="list-style-type: none"> – Landslag • Landslag 	<ul style="list-style-type: none"> – Landslag • Landslag 	<ul style="list-style-type: none"> – Landslag • Útsýni af vegi 	
	<ul style="list-style-type: none"> – Umferðartækni • Ryk á framkvæmdatíma • Hávaði vinnuvéla • Útblástur vinnuvéla • Mengunarslys • Töf á umferð 	<ul style="list-style-type: none"> – Umferðartækni • Ryk á framkv.tíma • Hávaði vinnuvéla • Útblástur vinnuvéla • Mengunarslys 	<ul style="list-style-type: none"> – Umferðartækni • Umferðaröryggi • Umferðarhávaði • Útblástur frá umferð • Mengunarslys • Samgöngur 	
	<ul style="list-style-type: none"> – Samfélag • Atvinna 	<ul style="list-style-type: none"> – Samfélag • Atvinna 	<ul style="list-style-type: none"> – Samfélag • Atvinna/þjónusta • Útivist/ferðaþjónusta 	

5. LÝSING Á STAÐHÁTTUM

5.1. LANDSLAG

Vegurinn liggur um brattar og mishæðóttar hlíðar Hálsfjalls. Landslagið á svæðinu er fremur erfitt til vegagerðar. Undirlendi er lítið og afmarkast af fjöllum og hafi. Landslagið flokkast sem landþröng skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Mjög gott útsýni er frá framkvæmdasvæðinu yfir að suðurhlíðum Hamarsfjarðar.

Áhrif á landslag

Landslaginu við vegarstæðið hefur þegar verið raskað með núverandi vegi og náman við Hamarsá er þegar opin. Árum saman hefur efni verið tekið úr leirum árinna.

Ekki er reiknað með að framkvæmdin komi til með að hafa mikil áhrif á landslag og útsýni, frá nýjum vegi séð. Líklegra er að ásýndin breytist frá suðurhlíðum Hamarsfjarðar þegar núverandi vegur hefur verið jafnaður út og græddur upp. Þá er líklegt að ásýnd Rauðuskriðu verði heillegri þegar núverandi vegur, sem þverar hana, verður fjarlægður og í stað hans kemur nýr vegur sem liggur neðan hennar.

Núverandi vegur verður jafnaður út og græddur upp. Gengið verður þannig frá vegsvæði nýs vegar að hann falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta. Reiknað er með að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt.

5.2. SAMGÖNGUR, UMFERÐARÖRYGGI OG MENGUN

Núverandi vegur er malavegur eins og kemur fram í kafla 2.2. Hann er mishæðóttur með kröppum beygjum og takmörkuðum sjónvegalengdum.

Á seinustu árum hefur umferð og umferðarhraði á veginum aukist. Samkvæmt slysaskráningu Vegagerðarinnar urðu 13 umferðarslys á vegarkafnanum frá Djúpavogsvegi að Hamri á tímabilinu 2000-2004. Þar af 1 banaslys.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi

Búast má við að umferð um svæðið teyfist eitthvað meðan á framkvæmdum stendur vegna efnisflutninga eftir núverandi vegi.

Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari þegar bundið slitlag hefur verið lagt á kaflann og beygjur hafa verið gerðar mýkri.

Áhrif á mengun

Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Að framkvæmdum loknum má reikna með að hljóð- og loftmengun minnki miðað við núverandi ástand vegna bundins slitlags.

5.3. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Vegarkafllinn liggur um lönd jarðanna Hamars og Strýtu, auk jarðarinnar Háls sem er í eigu Djúpavogshrepps.

Efnistaka verður úr áreyrum Hamarsár í landi Hamars. Á Hamri er Golfklúbbur Djúpavogs einnig með aðstöðu.

Lagnir sem vítað er um í nágrenni framkvæmdasvæðisins eru:

- Byggðarlína Landsvirkjunar liggur í vegstæðinu.
- Háspennulína, 11 kV, liggur samsíða byggðalínunni.

Áhrif á landnotkun

Endurbýgging Hringvegar á umræddum kafla mun hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu.

5.4. JARÐMYNDANIR OG VATN

Veglínan liggur um mishæðótt klapparlandslag þar sem skiptast á ber klapparholt og þunn laus jarðlög með gróðurþekju ofan á klappargrunni. Laus jarðlög samanstanda af moldarjarðvegi, skriðufni og veðrunarseti. Í votviðri getur myndast talsverður vatnsgur á svæðinu þar sem yfirborðsvatn rennur úr fjalhliðinni fyrir ofan. Klappargrunnurinn er ummyndaður og almennt lítt vatnsleiðandi.

Berggrunnur svæðisins er myndaður á jarðsögutímabilinu tertíer fyrir um 7 til 9 milljón árum. Berglög í veglínu samanstanda að mestu leiti af basalti, stundum nefnt blágrýti, sem halla á bilinu 6 – 9° frá láréttu til austsuðausturs (Haukur Jóhannsson og Kristján Sæmundsson 1998). Ummyndunarstig er fremur hátt sem þýðir að glufur og sprungur í berginu eru almennt fylltar ummyndunarsteindum og holufyllingar eru flokkaðar til svokallaðs mesólít/skólesít- og laumontite-beltis (Kristján Sæmundsson og Einar Gunnlaugsson 1999). Upp í gengnum berglög ganga nær lóðréttar berggangar sem hafa norðlæga eða norðaustlæga stefnu. Berggangar eru í tengslum við langan sprungusveim sem gengur norður af útkulnaðri megineldstöð í sunnanverðum Álftafirði. Ofan við veglínu í Rauðunesskriðum er að finna jarðlög af súru gosberg, svokallað líparít sem gefa skriðunni ljósan eða rauðbleikan lit á kafla.

Áhrif á jarðmyndanir

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á vatn

Nýr vegur liggur hvergi um votlendi. Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.5. GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Vegurinn liggur að hluta til um hálfgrónar skriður og land sem nýtt er til beitar.

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á gróðurfur

Gróðurlendi munu lenda undir veginum en framkvæmdin mun liggja um svæði sem hefur verið raskað með eldri vegagerð og búfjárbætur. Framkvæmdasvæði nýs vegar verður þó víðast breiðara en það svæði sem raskað var við byggingu núverandi vegar, því nýr vegur verður hærri og breiðari.

Við frágang svæðisins mun Vegagerðin græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskast við framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfur verði ekki veruleg.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

5.6. Leirur

Milli stöðva 4600-4970 liggur veglínan um leiru. Í bók Guðmundar Páls Ólafssonar um Stöndina í náttúru Íslands er fjallað um Hamarsfjörðinn í kafla um lón, hóp og vaðla þar sem Hamarsfjörðurinn er nefndur sem dæmi um ægislón. Á bls. 324 stendur” Sameiginlegt með

ægislónum er mikil selta nálægt botni og greiður aðgangur að sjó. Að öðru leiti svipar þeim til leirulóna eða þá strandvatna. Mörkin eru ekki alltaf greinileg. Sjór streymir inn og út um ós en ef ósinn lokast breytist ægislón í strandvatn. Ægislón eins og Hamarsfjörður er í senn lón og fjörður. Hann er óvenjudjúpt og stór ægislón með þangfjörum, sandmaðks- og skeraleirum... Líkt og aðstæður eru við leirulón þá streymir Hamarsá auk margra minni áa og lækja um fjörðinn og yfirborð hans er stundum allferskt, en fjarðarmynnið er líka opið til sjávar. Hluti Hamarsfjarðar fjarar aldrei enda er hann meira en 50 metra djúpur. Hann er ólíkur flestum öðrum ægislónum og er einskonar millibilsástand fjarðar og lóns”

Áhrif á leirur

Ekki er talið að nýr vegur muni hafa veruleg neikvæð áhrif á leirur Hamarsfjarðar. Veglínan liggur í jaðri hennar og mun ekki koma til með að loka farvegum. Ný lína mun því ekki hafa hindrunaráhrif.

5.7. MENNINGARMINJAR

Vegagerðin fékk Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga til að skrá menningarminjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Hringvegur milli Valtýskambs og Sandbrekku. Heimildir voru skoðaðar og framkvæmdasvæðið kannað á vettvangi. Rannsóknir fóru fram í október 2007.

Alls voru skráðar og mældar upp 6 manngerðar minjar í og við ofangreinda valkosti (Teikning Z002-Z005). Hér fyrir neðan eru þær taldar upp auk þeirra mótvægisaðgerða sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga leggur til

- **Háls 159131 236 - 8**

Nátthagi/rétt – leifar grjóthlaðins nátthaga og réttar innan hans liggja suðvestan túns á Hálsi.

Mótvægisaðgerðir:

Þar sem að minjarnar eru í nokkurri fjarlægð frá vegendum veglínu eru litlar líkur á að þær verði fyrir skemmdum af völdum framkvæmdanna.

- **Háls 159131 236 – 28**

Djáknadys/dys/vegur – vegleg grjótdys sem liggur fast norðan við gömlu þjóðleiðina inn Hamarsfjörð. Hún er friðlýst með sérstakri þinglýsingu og er merkt með þar til gerðu friðlýsingarmerki. Dysin liggur um 20m utan við útbrún framkvæmda við nýja veginn en rétt um 7m sunnan fláa gamla vegarins. Fast sunnan við dysina liggur svo gamli þjóðvegurinn um stórgrýtisurð og mynda hann og dysin skemmtilega minja- og umhverfisheild. Skv. 11. gr. Þjóðminjalaga (nr. 107, 2001) er 20m friðhelgað svæði út frá útmörkum friðlýstra fornleifa.

Mótvægisaðgerðir:

Hluti gamla vegarins lendir undir útbrún vegar. Dysin og umhverfi hennar þurfa ekki að vera í hættu vegna nýframkvæmda ef svæðið er vel merkt og sérstakt tillit tekið til þess. Hinsvegar er nokkur hættu á að minjarnar verði fyrir skemmdum verði gamli vegurinn fjarlægður, þar sem að flái þess vegar er rétt við norðurbrún dysjarinnar. Nauðsynlegt er að merkja dysina og umhverfi hennar vel og hafa sérstaka gát verði jarðvegur fjarlægður í nágrenni hennar.

- **Háls 159131 236 - 29**

Grjótgarður/garðlag – grjóthlaðið garðlag, svokallaður Grjótgarður, liggur frá Stekkjartanga við sjóinn og upp hlíðina vestan Stekkjarhóls en um 20m austan stekkjartóftar [159131 236 - 30]. Garðurinn er vel glöggur en nokkuð farinn að hrynja og hefur hluti hans verið fjarlægður þegar að núverandi vegur var lagður. Miðað við

áætlun Vegagerðarinnar um nýtt vegstæði munu um 30 metrar af garðinum hverfa við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir:

Þar sem að garðurinn liggur nær óslitið, nema á 36m kafla við núverandi veg, upp brekkuna er næsta ómögulegt að leggja þarna veg án þess að garðurinn verði fyrir skemmdum, nema að vegstæðinu yrði hnikað ofar að núverandi vegi. Þar sem garðurinn er eingöngu hlaðinn úr grjóti er ekki mögulegt að rannsaka aldur hans frekar með fornleifarannsókn. Sé sýnt að hylja þurfi eða fjarlægja hluta garðsins ber að sækja leyfi þar um til Fornleifaverndar ríkisins (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001)

- **Háls 159131 236 - 30**

Stekkur – stekkjartóft liggur í hvammi innan Stekkjarhóls um 20m vestan við áðurnefndan Grjótgarð [159131 236 - 29]. Tóftin mun skv. teikningum Vegagerðarinnar af nýrri veglínu verða undir veginum og skáa eða fláa neðan hans og mun að líkindum hverfa alveg við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir:

Æskilegast væri að veglínunni yrði hnikað til að þyrma tóftinni. Sé sýnt að ekki sé mögulegt að færa veglínuna verður að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins um að fjarlægja eða hylja tóftina. Slíkt leyfi yrði líklega háð frekari uppmælingum eða rannsóknnum á aldri tóftarinnar.

- **Háls 159131 236 - 59**

Vegur – leifar gamla þjóðvegarins eru greinanlegar á köflum í norðanverðum Hamarsfirði. Hlutar vegarins eru frá því um aldamótin 1900 og er hann varðaður til beggja hliða af stórgrýti sem fjarlægt hefur verið úr honum til sléttunar.

Vegurinn er greinanlegur á um 150m kafla fast sunnan Djáknadysjarinnar. Vestasti hluti þess vegakafla verður innan 5m frá útbrún vegarins og mun því líklega verða fyrir áhrifum af vegagerðinni. Vegurinn og dysin liggja í stórgrýtisurð og mynda skemmtilega minjaheild sem vitnar bæði um lifandi þjóðtrú og þær mikilvægu samgöngubætur sem urðu á fyrri hluta 20. aldarinnar.

Hluti vegarins liggur svo frá núverandi vegi austan Ytri-Sandbrekku, liggur til suðvesturs fyrir brekkuna og síðan ofan fjöruborð yfir víkina milli Ytri- og Innri Sandbrekkna. Í víkinni er nokkuð blautlent og er vegurinn þar upphlaðinn og í gegn um hann nokkur hlaðin lokræsi. Ný veglína á að liggja yfir Ytri-Sandbrekku og yfir víkina milli Ytri- og Innri-Sandbrekkna, nánast á sama stað og gamli vegurinn liggur. Mestur hluti vegarins á þessum kafla kemur því til með að hverfa undir nýbyggingu vegar, þ.m.t. upphlaðinn kafli hans. Vestasti hluti gamla þjóðvegarins sést á um 450m kafla rétt ofan fjöruborðs í Henglavík og upphlaðinn að hluta upp hraunið vestan víkurinnar. Einungis óverulegur hluti austurenda þessa vegarkafla mun hverfa undir nýja veginn.

Mótvægisáðgerðir:

Að óbreyttu mun ný veglína liggja yfir stóran hluta gamla vegarins en nauðsynlegt er að færa veglínuna á þeim kafla eigi að vernda minjarnar. Sé það ekki mögulegt ber að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja veginn (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001).

Mikilvægt er að ekki verði hróflað við minja- og umhverfisheild við Djáknadys, bæði vegna framkvæmda við núverandi veg en einnig þegar gamli vegurinn verður

fjarlægður og væri æskilegt að afmarka svæðið á einhvern hátt þannig að 20 metra friðhelgin verði virt.

- **Háls 159131 236 - 60**

Varða – vörðuhrúgald liggur á Stekkjarhóli um 20m sunnan núverandi vegar og kemur þessi varða til með að hverfa undir væntanlegan veg. Óvíst er um aldur vörðunnar.

Mótvægisaðgerðir:

Sé sýnt að hylja þurfi eða fjarlægja vörðuna þar að sækja leyfi þar um til Fornleifaverndar ríkisins (sbr. 10. Gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001)

Þjóðsögustaðir

Auk dysjarinnar eru tveir þjóðsögustaðir á svæðinu sem skráð var, annarsvegar Vígðilækur uppsprettulind á merkjum Hamars og Háls og svo klettadrangur austan Rauðuskriðu sem þar nafnið Valtýskambur. Báðir þessara þjóðsögustaða eru náttúrumyndanir og á hvorugum staðnum er hægt að greina mannvirki af neinu tagi. Samkvæmt Þjóðminjalögum (9.gr.) þar þó að skrá slíka staði sem um fornleifar sé að ræða. Vígðilækur liggur nú þegar undir núverandi vegi og mun ekki verða fyrir frekari skemmdum af völdum framkvæmdanna að öðru leyti en því að vegurinn mun breikka eitthvað þar sem hann liggur yfir lækinn. Núverandi þjóðvegur liggur milli Valtýskambis og fjallbrekkunnar og er ekki sjáanlegt að hann verði fyrir nokkru hnjaski þó svo að vegurinn yrði fjarlægður.

6. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft þar sem það er mögulegt. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við veg- og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verktíma nema að námum.
- Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi.
- Vegagerðin mun reyna að byggja veginn í sátt við landeigendur. Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar og það land utan núverandi vegsvæðis sem lendir undir vegaf framkvæmdum.
- Fornleifar verða merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdsvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við viðkomandi Minjavörð varðandi aðgerðir.
- Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni. Reynt verður að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.
- Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda. Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

7. NIÐURSTAÐA

Við framkvæmdina verður stuttur kafli Hringvegarins í Hamarsfirði endur- og nýbyggður og lagður bundnu slitlagi. Á stuttum köflum ná fyllingar út í sjó og liggja um leirur.

Vegagerðin mun sjá um að efnisrannsóknir og fornleifarannsóknir verði gerðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Framkvæmdin telst ekki matsskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Kanna þarf matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum því framkvæmdin liggur á kafla um svæði sem er á Náttúruminjaskrá auk þess sem framkvæmdin er innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmd þjóðminjalögum. Þá liggur ný veglína á stuttum köflum í jaðri leiru, sem er vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. viðauki 3, liður 2.iii (a) og ber að forðast að raska eins og kostur er.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

Gert er ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Í útboðsgögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi. Núverandi vegur verður jafnaður út og græddur upp í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

Hætta á mengunarslysum eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Með bundnu slitlagi á kaflanum verður komin góð og greiðfær leið um svæðið.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaframkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

Almennt er gert ráð fyrir að nota eins lítið framkvæmdasvæði og unnt er og er það tilgreint í útboðsgögnum.

8. HEIMILDIR

1. Guðný Zoëga, nóvember 2007: Fornleifaskráning vegna vegagerðar milli Valtýskambs og Sandbrekku. Byggðasafn Skagfirðinga 2007/68.
2. Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóra-embættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins 2002: *Námur-Efnistaka og frágangur*. Reykjavík, 75 bls.
3. Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1998: *Jarðfræðikort af Íslandi, 1:500.000, berglög, höggun*. Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Heimasíða Djúpavogshrepps, júlí 2007: www.djupivogur.is
5. Kristján Sæmundsson og Einar Gunnlaugsson 1999. *Íslenska Steinabókin*. Mál og Menning.
6. Náttúruminjaskrá, júlí 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuminjaskra.
7. Náttúruverndaráætlun, júlí 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuverndaraetlun.
8. Tómas Einarsson og Helgi Magnússon, 1989: *Íslands handbókin, náttúra, saga og sérkenni*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

9. TEIKNINGAR

- | | |
|--|---|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2007): | Yfirlitsmynd |
| Teikning Z901. VGK Hönnun, (2007): | Yfirlitsmynd af skoðuðum leiðum í mkv. 1:7500, 1 stk. |
| Teikning Z001. VGK Hönnun, (2007): | Yfirlitsmynd mkv. 1:15000, 1 stk. |
| Teikning Z002 – Z005. VGK Hönnun, (2007): | Grunnmynd af framkvæmda-svæðinu, mkv. 1:4000, 4 stk |